



Alþingi
Erindi nr. P 142/32
komudagur 18.6.2013

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd

Reykjavík 18. júní 2013

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt á gistingu nr. 146/2012

Samtök ferðaþjónustunnar fagna framkomnu frumvarpi um að afturkalla hækkun á virðisaukaskatti á gistingu úr 7% í 14% sem taka átti gildi 1. september n.k. Helstu athugasemdir samtakanna, þegar frumvarp um hækkun virðisaukaskattsins var lagt fram á síðasta ári, voru m.a.:

Breytingin kom alltof seint fram og ljóst að stór hluti hækkunarinnar myndi lenda á gististöðunum. Löngu búið að gefa út verðskrár fyrir komandi ár og gera samninga við erlenda hópa/einstaklinga. Ferðaþjónustan hefur alltaf lagt áherslu á að hækkun skatta og gjalda þurfi að tilkynna með a.m.k. 18 mánaða fyrirvara.

Hækkun skatta er himnasending fyrir svarta markaðinn sem kemur til með að hagnast mest á breytingunni. Gríðarlegur fjöldi leyfislausra gististaða er á allra vitorði og stjórnvöld hafa lítið sem ekkert aðhafst til að afnema það ástand þrátt fyrir starfshópa og fögur fyrirheit.

Varasamt er að flækja skattkerfið með því að bæta við skattþrepi fyrir 608 lögaðila í gististarfsemi. Einn gististaður getur þurft að setja fjögur þrep virðisaukaskatts á reikninginn (gisting 14%, morgunverðurinn 7%, áfengi 25.5% og seld afþreying 0%). Bent er á umsögn ríkisskattstjóra þar sem hann tekur í sama streng.

Af 27 ESB þjóðum eru 23 þjóðir með gistinguna í lægra þrepi. Meðal virðisaukaskattur á gistingu í Evrópu er 10%. Hjá helstu ferðamannaþjóðunum s.s. Frakklandi og Þýskalandi er skatturinn 7%.

Þess skal getið að um er að ræða virðisaukaskatt á gistingu eingöngu en ekki ferðaþjónustu eins og segir í athugasemdum við frumvarpið og hefur þar af leiðandi verið haft eftir í fjölmiðlum.

Virðingarfyllt
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri